FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
2. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 3. JANÚAR 2018



Landsmenn hafa verið gladdir af óvenju stórum mána í upphafi árs. Fullt tungl var aðfaranótt gærdagsins en þar var á ferðinni svokallaður ofurmáni. Slíkt fyrirbæri orsakast af sporöskjulaga braut tunglsins um jörðina og myndast þegar tunglið er eins nálægt plánetunni og það verður. Næsta jarðnánd tunglsins er í næsta jólamánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Á verri launum en kollegarnir í höfuðborginni

**KJARAMÁL** Hjúkrunarfræðingar á Akureyri eru verr launaðir en hjúkrunarfræðingar við Landspítalann í Reykjavík. Munurinn nemur um sex til átta prósentum.

Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK), segir stofnunina ekki vera samkeppnishæfa um laun eins og staðan er núna.

„Við höfum brugðist við kalli um að bæta við auka höndum vegna álags og því farið þá leið að ráða fleiri og ekki fylgja launaþróuninni,“ segir Hildigunnur. Hún segir SAk þurfa á annað hundrað milljónir króna til að laga launabilið milli stofnananna.

„Þetta er algjörlega ótækt,“ segir Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Ríkisstofnanir hér á landi eiga að búa við jafnræði óháð staðsetningu.“

– sa / sjá síðu 8

# Nóg af miðum á leikina við Nígeríu og Króatíu

**FIFA gerir ekki ráð fyrir að Íslendingar klári þá miða sem ætlaðir eru stuðningsmönnum liðsins á HM. Eftirspurnin er langmest á fyrsta leikinn í Moskvu.**

**HM 2018** „Miðað við þær umsóknir sem eru komnar er líklegt að kvótinn bara dugi okkur,“ segir Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, um eftirspurn hjá Íslendingum eftir miðum á leiki Íslands á HM í knattspyrnu.

Stuðningsmenn Íslands fá átta prósent af miðum sem fara í almenna sölu úthlutuð. Skotið hefur verið á að það geti þýtt að miðar eyrnamerktir Íslendingum verði um 3.200 talsins á hvern leik Íslands.

Klara hefur greint frá því að Knattspyrnusambandið hafi farið þess á leit við FIFA að fá fleiri miða fyrir Íslendinga. Hún viðurkennir að vera hóflega bjartsýn. „Þeir lofuðu að skoða málið,“ segir hún um fund sem hún átti með fulltrúum FIFA um annað málefni í desember.

> Eftirspurnin virðist vera minni en sem nemur þeim 3.200 miðum sem ætlaðir eru Íslendingum.

Ósk KSÍ um fleiri miða á EM í Frakklandi skilaði á endanum árangri en Klara segir málið hafa tekið margar u-beygjur áður en fleiri miðar fengust.

Klara segir aðspurð að ekki sé útlit fyrir að miðafjöldi verði vandamál í öðrum og þriðja leik Íslands á mótinu. „Miðað við þær upplýsingar sem koma frá FIFA þá er þetta vandamál í fyrsta leiknum. Hinir tveir leikirnir í riðlinum eru ekki vandamál,“ segir hún en Ísland leikur fyrst við Argentínu, þá Nígeríu og loks Króatíu. Flestir hafi sótt um miða á fyrsta leikinn, svo annan en fæstir á þriðja leikinn.

Þetta bendir til þess að eftirspurnin sé minni en sem nemur þeim 3.200 miðum sem áætlað hefur verið að Íslendingum séu eyrnamerktir. Klara bendir í því samhengi á að nokkuð virðist um að Íslendingar hafi fengið miða á fyrri stigum miðasölunnar. Hægt er að sækja um miða til 31. janúar. – bg

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Friðrik Már Guðmundsson vill réttar upplýsingar á borðið. 11

**SPORT** Handboltalandsliðið mætir Japönum í kvöld í sínum síðasta leik fyrir EM í handknattleik. 18

**LÍFIÐ** Rögnvaldur Skúli Árnason fékk nokkra daga til að fullkomna málverkið sem var á allra vörum um áramótin. 24



PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Ókeypis kynningartími fyrir ungt fólk

Ókeypis kynningartími • 9. janúar

skráning á dale.is

Dale Carnegie

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. GEN_Ad_121817_iceland

## Veður




Austan- og norðaustanátt í dag, allhvöss við suðausturströndina, annars hægari vindur. Skýjað og él suðaustan- og austanlands, en bjart veður vestan til á landinu. SJÁ SÍÐU 18

# Hátíðirnar kvaddar



Fjölmargir einnota hlutir skapaðir til jóla- og áramótahalds enduðu í ruslatunnum að hátíðarhöldum loknum. Björn H. Haraldsson, forstjóri Sorpu, segir að almennt sé fólk duglegt við að flokka rusl sem til fellur en hins vegar hafi verið talsvert um það að skrautbönd hafi endað í pappatunnum ásamt gjafapappírnum. Slíkt hafi skapað lítils háttar vesen en gjafaböndin eiga heima með almennu sorpi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ræða næstu skref í #metoo

**STJÓRNMÁL** „Þetta verða alþingismenn, ég geri ráð fyrir að þarna verði ráðherra, grasrótin, ungliðar. Þarna verður fókusað á ábyrgð stjórnmálaflokkanna í framhaldinu,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi ráðherra. Hún verður fundarstjóri á fundi sem allir stjórnmálaflokkarnir standa að um #metoo sem fram fer 31. janúar á Grand Hóteli. Tilgangurinn er að leggja drög að aðgerðaáætlun sem flokkarnir geta notað í sínu starfi. Það er ekki algengt að þeir standi saman að slíkum atburði. „Ég held að þetta sé svolítið sérstakt, það er alveg rétt,“ segir Kolbrún. – jhh



Kolbrún Halldórsdóttir

# Fangelsisvist fyrir að stela klinki frá Hjálpræðishernum

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á fimmtugsaldri var í Héraðsdómi Norðurlands eystra rétt fyrir áramót dæmdur í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og til að greiða samtals um 518 þúsund krónur í máls- og lögmannskostnað.

Var maðurinn dæmdur fyrir þjófnað, með því að hafa í lok mars í fyrra brotist inn í húsakynni Hjálpræðishersins á Akureyri og stolið þaðan velferðarsjóði trúarsamtakanna auk kaffisjóðs þeirra en áætlað er að hann hafi haft upp úr innbrotinu um sex þúsund krónur.

Maðurinn neitaði sök í málinu fyrir dómi og því þurfti að ákveða aðalmeðferð í málinu. Við aðalmeðferð breytti maðurinn afstöðu sinni til ákærunnar og játaði skýlaust brot sitt.

Sakaferill mannsins samkvæmt dómi Héraðsdóms hafði verið nær óslitinn frá árinu 1990 til ársins 2005. Einnig hafði hann verið dæmdur ítrekað á árunum 2013 til 2017. Hæstiréttur dæmdi manninn í apríl 2017, fyrir fjögur þjófnaðarbrot, tilraun til þjófnaðar, fjársvika og nytjastuldar auk ólögmætrar meðferðar á fundnu fé, í fjögurra mánaða fangelsi.

Þegar brotaferill mannsins var skoðaður var ákveðið að hann sæti í fangelsi í tvo mánuði. Auk þess þarf hann að greiða skipuðum verjanda sínum 358 þúsund krónur, 139.000 krónur í ferðakostnað auk 21.368 króna í útlagðan kostnað. – sa

**6.000**

**krónur er það sem þjófurinn hafði upp úr krafsinu.**

# Opna nýjar stöðvar í líkamsræktaræði

**Bæði World Class og Reebok fitness undirbúa fjölgun stöðva en næsta haust munu þessar stærstu líkamsræktarkeðjur landsins halda úti 22 stöðvum. Stjórnendur rekja uppganginn til fólksfjölgunar og vitundarvakningar um hreyfingu.**

**VIÐSKIPTI** Tvær stærstu líkamsræktarkeðjur landsins áforma að opna nýjar stöðvar fyrir haustið. Forsvarsmönnum þeirra ber saman um að mikill uppgangur sé í geiranum og að korthöfum fjölgi ár frá ári. Björn Leifsson, eigandi World Class, segir að undanfarin tvö ár hafi fjölgun korthafa numið 20 prósentum, hvort ár.

World Class tók um áramótin við rekstri Átaks-stöðvanna á Akureyri. Í haust stendur til að taka í notkun nýja stöð sem verið er að byggja á Völlunum í Hafnarfirði. Um verður að ræða fimmtándu World Class-stöðina en hún verður um 2.200 fermetrar. Þá segir Björn á teikniborðinu að byggja við stöðina í Mosfellsbæ. „Það er allt að gerast,“ segir hann.

Björn rekur þessa aukningu til nokkurra þátta. Hann bendir á að fólki fjölgi hratt á höfuðborgarsvæðinu. Önnur ástæða sé sú að á hverju ári bætist við kúnnahópinn heill árgangur af ungu fólki sem hreyfi sig. Þá gengur fólk síður úr skaftinu fyrir aldurs sakir. „Þegar ég var að byrja, fyrir 33 árum, voru þeir ekki eldri en þrítugir sem stunduðu þetta. Nú er svo komið að hjá mér er töluvert af fólki sem er komið yfir áttrætt.“

Hann segir aðsóknina í heita sali sífellt að aukast og að salir hitaðir með innrauðum geislum hafi notið sérstakra vinsælda. Tveir slíkir salir séu með þannig búnaði í Faxafeni, þar sem Reebok opnaði stöð í nóvember og að slíkur salur verði einnig í Lambhaga. „Þetta er ekki eins og að labba inn í sjóðandi gufubað, heldur gengur þú inn í þægilegan hita. Þú finnur fyrir hitanum eins og þú sætir í sólbaði,“ útskýrir hann.



Að sögn Björns í World Class hefur korthöfum fjölgað um 20 prósent tvö ár í röð. Hann stefnir á opnun 15. stöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Líkamsræktarkort í World Class kostar 6.840 krónur á mánuði en viðskiptavinurinn er þá bundinn í tvo mánuði. Það gera ríflega 82 þúsund krónur á ári. Innifalinn er aðgangur að öllum stöðvum World Class og sex sundlaugum. Námsmenn fá betri kjör, gegn framvísun skólakorts.

> Þegar ég var að byrja, fyrir 33 árum, voru þeir ekki eldri en þrítugir sem stunduðu þetta.
>
> Björn Leifsson, eigandi World Class



Tólf mánaða áskrift að líkamsræktarstöðvum Reebok, og þremur sundlaugum, kostar 5.840 krónur á mánuði, eða um 70 þúsund krónur á ári. Hægt er að kaupa áskrift án bindingar fyrir 6.540 krónur á mánuði, eða um 78 þúsund krónur. Báðar stöðvar bjóða upp á fjölbreytt úrval opinna tíma fyrir korthafa.

baldurg@frettabladid.is


# BRIDS SKÓLINN




NÁMSKEIÐ Á VORÖNN ...

BYRJENDUR 22. janúar 8 mánudagar frá 20-23

VÖRNIN 24. janúar 5 miðvikudagar frá 20-23

- **BYRJENDANÁMSKEIÐ:** Byrjað er alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök.
- **VARNARNÁMSKEIÐ:** Fimm kvölda pakki þar sem farið er vel yfir samskiptareglurnar í vörn: útspilin, kall/frávísun, hliðarkall og talningu. Hvernig eru reglurnar og hvenær gilda þær?
- Bæði námskeiðin fara fram í **SÍÐUMÚLA 37**, Reykjavík.

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN

í síma **898-5427** og á netinu **bridge.is**/fræðsla


ÚTSALA
30-50% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
LAUGAVEGUR 91 REYKJAVÍK - AUSTURSTRÆTI 5 REYKJAVÍK
ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 REYKJAVÍK - FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK
MIÐHRAUN 4 GARÐABÆR - HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI
BÁSASKERSBRYGGJA 2 VESTMANNAEYJAR
50% kr. 6.495.-
BJARKE Dúnjakki m/hettu Áður kr. 12.990
VIKTOR Softshell jakki Áður kr. 9.500
30% kr. 6.650.-
50% kr. 6.495.-
BIRGIT Dúnjakki án/hettu Áður kr. 12.990
ASOLO Shiver Blu Aster og Passion litir á 50% afslætti
ASOLO SHIVER Gönguferðir og daglegt not. Áður kr. 19.990
50% kr. 9.995.-
BLANDA Flíspeysa/barna Áður kr. 5.990
40% kr. 3.594.-
20% afsláttur af nýjum barnafatnaði á meðan á útsölu stendur
ICEWEAR ICELAND
www.icewear.is

# Segir 345 prósenta hækkun skapa alvarlegt ástand

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ef ekkert verður að gert, þá blæðir okkur bara út. Þetta er grafalvarlegt ástand,“ segir Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu, um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

Til stendur að breyta fyrirkomulagi veiðileyfagjalda og afkomutengja þau. Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, segir tilganginn að skoða samsetningu veiðigjaldanna. Veiðigjöldin séu byggð á tveggja ára gömlum upplýsingum. Það hafi þýtt að 1. september síðastliðinn hafi gjöldin hækkað mjög mikið. Sú hækkun hafi ekki verið í takti við það sem afkoman sýndi. „Í stjórnarsáttmálanum segir að við ætlum að taka mið af afkomu þegar veiðigjöldin eru annars vegar,“ segir Lilja Rafney við Fréttablaðið. „Þegar þú eykur skattheimtu milli ára um 345 prósent, þá heggur það í. Þegar þetta snýst um það að 10 til 15 prósent af tekjunum hjá útgerðinni fara í greiðslu veiðigjalda þá þarf að taka það einhvers staðar,“ segir Óðinn. Hann hefur tvenns konar athugasemdir við kerfið eins og það er. Annars vegar að miðað er við afkomu allt annars árs. Hins vegar sé stærstur hluti gjaldsins lagður á vegna bolfiskveiða.

> **Ef ekkert verður að gert, þá blæðir okkur bara út. Þetta er grafalvarlegt ástand.**
>
> Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu

„Það er nauðsynlegt að skoða þetta í samhengi við mismunandi útgerðarflokka og afkomu innan greinarinnar,“ segir Lilja. Skipuð verður þverpólitísk nefnd vegna endurskoðunarinnar þegar þing kemur saman. Lilja segir að reynt verði að vinna eins hratt og mögulegt er og útilokar ekki að gerðar verði breytingar sem nái til yfirstandandi fiskveiðiárs. – **jhh**

## Skutu skjólshúsi yfir ferðalanga

**VEÐUR** Ríflega hundrað manns höfðust við í fjöldahjálparstöð í Vík í Mýrdal í gærkvöldi eftir að þjóðveginum frá Markarfljóti að Vík var lokað. Fjöldahjálparstöðin var opnuð á áttunda tímanum í gærkvöldi og komu þangað mun fleiri en búist hafði verið við.

„Einhverjir munu gista í íþróttahúsinu í Vík en aðrir hafa í hyggju að fara áfram þegar vegurinn verður opnaður á ný,“ segir Sveinn Rúnar Kristjánsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi.

Vonast var til þess að unnt yrði opna vegi á ný í kringum miðnætti en veðurfar yrði að ráða því. Blint var víða á Suðurlandi í gær, hvassviðri og hálka á vegum. Gul viðvörun var í gildi yfir vegna þessa.

Beddar og teppi fyrir þrjátíu manns voru í fjöldahjálparstöðinni en starfsmenn Rauða krossins sögðu ferðalanga vera því fegna að komast undir þak. – **jóe**

## Styrkur svifryks óvenju hár lengi

**UMHVERFISMÁL** Hæsta sólarhringsmeðaltal svifryks frá upphafi mælinga var mælt við Grensásveg fyrstu klukkustundir nýs árs. Mengunin var yfir mörkum á öllum mælistöðvum Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt mælingum Reykjavíkurborgar hélst styrkur svifryks hár nær allan sólarhringinn en venjulega fellur styrkurinn hratt þegar líða fer á nóttina. Ástæðan er samspil veðuraðstæðna og mikils magns ryks í andrúmsloftinu.

Hæsta hálftímagildið mældist klukkan 1.30 á nýársnótt við Grensás, eða 2.506 míkrógrömm á rúmmetra. Á sama stað mældist hæsta sólarhringsmeðaltal frá upphafi mælinga, hærra en þegar gaus í Eyjafjallajökli 2010.

Við Grensásveg fór styrkur svifryks 17 sinnum yfir sólarhrings heilsuverndarmörk árið 2017. – **khn**

# Fréttir sagðar kynbundin aðför

**Formaður Prestafélags Íslands hvetur presta til að verja ekki Agnesi M. Sigurðardóttur biskup því þá séu þeir að ganga í uppspennta gildru. Umfjöllun um biskupinn sé örugglega „kynbundin aðför“. Hann hvetur til þess að málið sé hugsað í ljósi #metoo.**



Agnes M. Sigurðardóttir biskup í ræðustóli á kirkjuþingi í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**KJARAMÁL** „Ég tel ekki vænlegt til árangurs að taka til beinna varna fyrir frú Agnesi biskup af því að þar með vöðum við inn í þá gildru sem búið er að spenna upp,“ segir Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands, í bréfi til presta innan þjóðkirkjunnar um áramótin.

Eins og kunnugt er hafa fréttir verið sagðar af launamálum og kjörum presta og biskupa í kjölfar ákvörðunar kjararáðs fyrir jól um breytingar á launum þessara hópa. Þar hefur umfjöllun um mál Agnesar M. Sigurðardóttur biskups verið mest áberandi enda er hún launahæsti starfsmaður þjóðkirkjunnar og fékk 22 prósenta launahækkun sem auk þess var afturvirk í eitt ár.

Fram kom á Vísi í gær að Prestafélagið hafði lagt til við kjararáð að biskupinn fengi um 170 þúsund króna meiri hækkun en síðan varð raunin. Ef farið hefði verið að vilja félagsins hefðu mánaðarlaun biskups hækkað í um 1.720.000 krónur í stað þeirra 1.553.000 króna sem biskupi voru úrskurðaðar. Launahækkunin hefði þá verið 34 prósent.

Ljóst er af fyrrnefndu bréfi formanns Prestafélagsins að hann telur fréttaflutning af þessu málefni skipulagðan til að koma höggi á þjóna kirkjunnar. Ráðlegt sé að prestar almennt stígi ekki inn í umræðuna um kjaramál biskupsins.

> **Við það mun umfjöllun um frú Agnesi fá nýtt eldsneyti sem tryggir áframhaldandi neikvæða umfjöllun um hana á þennan persónulega hátt sem verið er að reyna að leiða okkur inn í.**
>
> Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands



„Við það mun umfjöllun um frú Agnesi fá nýtt eldsneyti sem tryggir áframhaldandi neikvæða umfjöllun um hana á þennan persónulega hátt sem verið er að reyna að leiða okkur inn í,“ segir í bréfi Kristjáns.

Athygli vekur að Kristján sýnist telja kynferði biskupsins ráða innihaldi frétta um kjaramálin. „Þetta er örugglega kynbundin aðför. Það mætti vel hugsa það í ljósi #metoo eftir áramótin og bið ég ykkur að hugsa það vel,“ skrifar Kristján í bréfi sínu.

Í samtali við Fréttablaðið kveður þó við annan tón hjá Kristjáni er hann er spurður hvort fréttaflutningur af kjaramálum biskups markist af því að hún er kona.

„Það er búinn að vera alvarlegur og góður þungi í #metoo-byltingunni og mér finnst vera svo mörg alvarleg mál sem liggja þar að baki; ofbeldi og brot gagnvart fólki að mér finnst ekki vera hægt að nota þá umræðu yfir þessa stöðu,“ segir Kristján. Ekki þurfi að vorkenna biskupi Íslands.

„Ég er líka mjög skeptískur á það að nota hugtök eins og kynbundið ofbeldi eða einelti um stöðu í pólitík eða stöðu embættismanns vegna þess að þau hugtök eru svo dýr í mínum huga,“ heldur Kristján áfram. Þessi hugtök eigi við um fólk sem hafi raunverulega orðið fyrir gríðarlegu ofbeldi og verulegum skakkaföllum í lífinu. „Mér finnst ekki réttlætanlegt að nota svoleiðis hugtök um þessa stöðu sem er núna. Við erum ekki í neinu einelti.“

**gar@frettabladid.is**


LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

## Öflug lausn við hálsbólgu!

Strefen®

**Bólgueyðandi og verkjastillandi munnsogstafla við særindum í hálsi**




Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



**Geysir** Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. Sími 519 6000 — Geysir.com

# Æðsti klerkur bendir á óvini landsins



Ráðamenn í Íran, þar á meðal Ali Khameinei, vöruðu óvini ríkisins við því að vasast í málum landsins. Refsingar geta beðið mótmælenda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÍRAN** Æðsti klerkur Írans, Ali Khamenei, segir að mótmæli í landinu undanfarna daga eigi rætur að rekja til óvina landsins. Óeirðirnar hafa kostað minnst 22 mannslíf.

„Undanfarna daga hafa óvinir Írans notað peninga, vopn, pólitík og leyniþjónustur til að skapa óeiningu og vandræði fyrir Íslamska lýðveldið Íran,“ segir í yfirlýsingu á heimasíðu klerksins. Í yfirlýsingunni er ekki vikið sérstaklega að því hverjir óvinirnir eru en úr henni má lesa að rætt sé um Ísrael, Sádi-Arabíu og Bandaríkin.

Mótmælin hófust 28. desember síðastliðinn í næststærstu borg landsins, Mashhad. Í upphafi beindust þau að efnahagsástandi landsins en breyttust síðar í almenn mótmæli gegn stefnu stjórnvalda.

Enn sem komið er hefur enginn fallið í höfuðborginni Teheran en hátt í 500 manns hafa verið handteknir þar í borg. Stjórnvöld segja að ástandið í borginni sé öruggt en Varðsveit byltingarinnar, sérsveit æðsta klerks landsins, fer fremst í flokki í baráttunni gegn mótmælendum.

Auk mótmælafunda víðsvegar um landið hafa stuðningsmenn Khameinei og forseta landsins, Hassan Rouhani, komið saman þeim til stuðnings. Dæmi eru um að einstaklingum úr ólíkum fylkingum hafi lent saman.

Utan landsteinanna hafa Íranir og íranskir flóttamenn komið saman til að sýna mótmælendum heima fyrir samstöðu.

Ali Shamkhani, ritari öryggisráðs landsins, varaði Sádi-Arabíu við því að skipta sér af málum landsins. Íran gæti svarað fyrir sig. – jóe



Matartími á leikskóla fyrir eritresk flóttabörn í Tel-Avív. Tilskipunin nær ekki til barna. NORDICPHOTOS/AFP

# Ísraelar borga flóttamönnum fyrir að fara

**ÍSRAEL** Afrískum hælisleitendum í Ísrael hefur verið gert að yfirgefa landið áður en aprílmánuður gengur í garð. Hælisleitendur sem ekki verða við því eiga á hættu að enda í fangelsi.

Þetta felst í tilskipun ísraelskra stjórnvalda sem tók gildi um áramótin. Í tilskipuninni felst einnig að hælisleitendurnir geta fengið allt að 3.500 dollara, andvirði tæplega 365 þúsund íslenskra króna, fyrir að yfirgefa landið.

Tilskipunin nær ekki til barna og aldraðra eða þeirra sem lent hafa í þrælahaldi eða mansali. Fólkið mun hafa val um hvort það flyst aftur til heimaríkis síns eða þriðja ríkis sem vill taka við því.

Talið er að um 38 þúsund ólöglegir innflytjendur séu nú í Ísrael. Aðgerðin hefur verið gagnrýnd af alþjóðastofnunum og mannréttindasamtökum. – jóe

# Störukeppni Sjálfstæðismanna

**Eyþór Arnalds, Ásdís Halla Bragadóttir og Jón Karl Ólafsson orðuð við framboð í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Framboðsfrestur rennur út eftir viku. Enginn hefur enn skilað inn framboði til Varðar.**

**STJÓRNMÁL** Frestur til að skila framboði til leiðtogakjörs Sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar rennur út 10. janúar.

Þeir Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið ræddi við og hafa áhuga á framboði eru sammála um að eins konar störukeppni standi yfir og menn bíði eftir framboðsyfirlýsingum hver frá öðrum.

Áslaug María Friðriksdóttir, sitjandi borgarfulltrúi, hefur þegar lýst því yfir að hún gefi kost á sér til að leiða lista Sjálfstæðismanna í Reykjavík. Kjartan Magnússon er sagður hringja mikið í flokksfélaga sína þessa dagana en Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík, hefur lýst því yfir að hann gefi ekki kost á sér.

Margir þeirra sem orðaðir eru við framboð eru búsettir utan borgarinnar eða hafa reynslu af sveitarstjórnarpólitík utan Reykjavíkur. Meðal þeirra eru Eyþór Arnalds, fyrrverandi oddviti flokksins í Árborg, sem er nú sterklega orðaður við framboð; Halla Tómasdóttir, fyrrverandi forsetaframbjóðandi, sem búsett er í Kópavogi og Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður læknamiðstöðvarinnar Klíníkurinnar og fyrrverandi bæjarstjóri í Garðabæ. Unnur Brá Konráðsdóttir, fyrrverandi alþingismaður Suðurkjördæmis, hefur einnig legið undir feldi frá því fyrir jól.

> **Ég held að það sé verið að hringja í voða marga og það hefur verið hringt í mig. Þetta eru stórar ákvarðanir sem hefðu miklar breytingar í för með sér.**
>
> Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Isavia og formaður Fjölnis



„Ég hef mjög mikinn áhuga á borgarmálum, það er ekkert leyndarmál,“ segir Eyþór aðspurður um framboð en vill þó ekki upplýsa um áform sín.

Halla Tómasdóttir játar því aðspurð að hafa fengið fjölda áskorana um framboð en segist lítið leiða hugann að framboðsmálum. Ásdís Halla þykir hafa sýnt á sér nýja og ferska hlið með útgáfu bókarinnar Tvísaga og Unnur Brá þótti standa sig afar vel sem forseti Alþingis þrátt fyrir að það hafi ekki skilað henni nægilega ofarlega á lista til að ná kjöri í nýafstöðnum þingkosningum.

Margir nefna einnig nafn Jóns Karls Ólafssonar, framkvæmdastjóra hjá Isavia og formanns Ungmennafélagsins Fjölnis. „Ég held að það sé verið að hringja í voða marga og það hefur verið hringt í mig,“ segir Jón Karl aðspurður um framboð. „Þetta eru stórar ákvarðanir sem hefðu miklar breytingar í för með sér,“ segir Jón Karl og útilokar ekki framboð.

Svanhildur Hólm, aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, og Borgar Þór Einarsson, aðstoðarmaður Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, hafa bæði verið nefnd sem oddvitaefni fyrir borgina. Svanhildur hefur þegar lýst því yfir að hún ætli sér ekki fram. Borgar Þór Einarsson vildi ekki tjá sig um framboð. Sirrý Hallgrímsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður menntamálaráðherra í tíð Illuga Gunnarssonar, er einnig sögð hafa áhuga á borgarmálunum en fylgja Áslaugu Friðriksdóttur að málum.

Þá hefur Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir mjög verið orðuð við endurkomu í borgarmálin ýmist fyrir Sjálfstæðisflokkinn eða Viðreisn. Kunnugir segja hana þó njóta sín mjög í atvinnurekstri sínum og telja hana ólíklega í framboð.

Ákvörðun Varðar um leiðtogakjör og valnefnd fyrir önnur sæti listans var umdeild. Þeir sem mótmæltu henni töldu leiðina ólýðræðislega. Forysta Varðar taldi hana hins vegar nauðsynlega til að auka breidd og komast hjá einsleitni sem hafi einkennt lista flokksins í borginni undanfarin kjörtímabil.

adalheidur@frettabladid.is


# Þróunarsjóður námsgagna

## Umsóknarfrestur til 31. janúar

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna.**

Forgangsatriði sjóðsins fyrir árið 2018 eru þrjú: námsefni fyrir framhaldsskóla, námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og forritun fyrir byrjendur.

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2018, kl. 16:00.**

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á. **Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna hefur ákveðið að hækka styrkupphæðir sjóðsins og er nú hægt að sækja um styrk að hámarki 2,0 milljónir króna.**

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.**
**Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jón Svanur Jóhannsson, sími 515 5820,
jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Segir eftirliti með fiskeldi ábótavant

**UMHVERFISMÁL** Eftirliti með fiskeldisfyrirtækjum er ábótavant að mati Christians Gallo, vistfræðings hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Hann segir að mengun vegna uppsafnaðs úrgangs frá fiskeldi sé fylgifiskur slíkrar starfsemi, en þó ekki mesta áhyggjuefnið.

„Það sem veldur mestum áhyggjum er laxalúsin, sjúkdómar í eldislaxi og það að eldislax sleppur úr kvíum. Og eftirlit með fiskeldi virkar ekki vel þegar fyrirtækin ákveða að fylgja ekki ákveðnum alþjóðlegum stöðlum. Þá eru ekki fyrir hendi nein ákveðin viðmið um hvað sé ásættanlegt ástand og hvað ekki. Einnig virðast ekki vera til reglur um hvað skuli gera þegar svæði koma illa út úr svokallaðri umhverfisvöktun. Það er til dæmis ekkert sem skyldar fyrirtæki til að hvíla svæði varðandi áframhaldandi fiskeldi komi það illa út úr athugun.“

Christian segir að Náttúrustofa Vestfjarða sinni umhverfisvöktun fyrir ýmis fiskeldisfyrirtæki en ekki fyrir Arnarlax. „Við sinntum umhverfisvöktun fyrir Arnarlax en gerum það ekki lengur. Þeir hjá Arnarlaxi óskuðu eftir að slíta því samstarfi.“

Náttúrustofa Vestfjarða birti skýrslu sem sýndi að botndýralíf í Patreksfirði hafði tekið miklum breytingum vegna uppsafnaðs lífræns úrgangs frá laxeldi Arnarlax við Hlaðseyri. Samkvæmt frétt Fréttablaðsins í septembermánuði síðastliðnum hafði Arnarlax reynt að fá svokallaða ASC-staðlaða umhverfisvottun en tókst það ekki.



Vistfræðingur kallar eftir auknu eftirliti með fiskeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við sinntum umhverfisvöktun fyrir Arnarlax en gerum það ekki lengur. Þeir óskuðu eftir að slíta því samstarfi.**
>
> Christian Gallo, vistfræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm, segir eftirlit gott hjá fyrirtækinu. „Við hjá Arctic Sea Farm erum með svokallaða ASC-umhverfisvottun fyrir eldisafurðir. Þetta er strangasti umhverfisstaðall sem er í gangi í dag í fiskeldi og við erum eina íslenska fyrirtækið sem er með þennan staðal.“ Sigurður segir að þrír utanaðkomandi aðilar sinni eftirliti hjá Arctic Sea Farm.

„Umhverfisstofnun kemur bæði í skipulagt og óvænt eftirlit og svo líka Matvælastofnun. Svo kemur líka erlendur aðili einu sinni á ári í úttekt varðandi ASC-staðalinn,“ segir Sigurður. Ekki náðist í forsvarsmenn Arnarlax við vinnslu fréttarinnar. – aig


ÚTSALA
REKKJUNNAR!
20-60%
AFSLÁTTUR!
ÓTRÚLEG TILBOÐ!
12MÁN. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR!*
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
ARGH!!! 030118#1
rekkjan
KOMDU NÚNA!
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



50 þúsundum farsíma verður dreift til franskra fanga.

## Franskir fangar fá síma í klefana

**FRAKKLAND** Yfir 50 þúsund farsímum verður dreift til fanga í 178 fangelsum í Frakklandi. Þess er vænst að bætt samskipti milli fanga og umheimsins styrki þá í aðlögun að samfélaginu þegar þeir hafa afplánað fangelsisdóm sinn, að því er stórblaðið Le Monde greinir frá.

Frá 2016 hefur nær 300 föngum í fangelsi í Meuse í norðausturhluta Frakklands verið leyft að hringja í fjölskyldu sína á öllum tímum sólarhringsins í tilraunaskyni. Símtölin hafa kostað minna en símtöl úr símaklefum fyrir utan fangaklefana.

**» Fimmtíu þúsund farsímum verður dreift til fanga í Frakklandi.**

Föngunum verður heimilt að hringja í fjögur símanúmer sem vitað er hverjir eru skráðir fyrir. Baráttan gegn ólöglegum símum í fangelsunum mun halda áfram til að koma í veg fyrir samskipti við glæpagengi utan fangelsanna. Árið 2016 var lagt hald á 33 þúsund farsíma í frönskum fangelsum. – ibs

# Hjúkrunarfræðingar á Akureyri verr launaðir en kollegar í suðri

**Sjúkrahúsið á Akureyri þarf 165 milljónir króna aukalega á fjárlögum næsta árs til að laun hjúkrunarfræðinga verði sambærileg því sem gerist á LSH. Nefndarmenn í fjárlaganefnd segja stöðuna ótæka og vilja taka á vandanum.**




Laun hjúkrunarfræðinga á Akureyri eru um sex til átta prósentum lægri en á Landspítala. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**KJARAMÁL** Laun hjúkrunarfræðinga við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) eru lægri en laun kollega þeirra við Landspítala í Reykjavík. Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá SAk, segir stofnunina ekki vera samkeppnishæfa um laun eins og staðan er núna.

„Laun okkar hjúkrunarfræðinga eru um sex til átta prósentum lægri en á þeim stofnunum sem við erum í samkeppni við. Skýringin er sú að við höfum brugðist við kalli um að bæta við aukahöndum vegna álags og því farið þá leið að ráða fleiri og ekki náð að fylgja launaþróuninni,“ segir Hildigunnur. „Því lögðum við ríka áherslu á það í samræðum við fjárlaganefndina að ef við eigum að eiga í samkeppni um hjúkrunarfræðinga þurfum við að laga þetta bil.“

Hildigunnur segir SAk þurfa á annað hundrað milljónir króna til að laga launabilið milli stofnananna. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG í kjördæminu sem situr í fjárlaganefnd, er sammála því að úrbóta sé þörf.

„Ég tek undir þetta, miðað við þau gögn sem við fengum fyrir jól, þá vantar um 165 milljónir króna. Það er augljóst að við þurfum að taka á þessu, við getum ekki haft þetta svona. Ég tel að sjúkrahúsið hafi setið eftir,“ segir Bjarkey.

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir einnig mikilvægt að ríkisstofnanir landsins njóti sömu stöðu hvar sem þær eru á landinu. „Þetta er algjörlega ótækt að mínu mati. Ríkisstofnanir hér á landi eiga að búa við jafnræði óháð staðsetningu. Því legg ég ríka áherslu á að þetta verði lagfært.“

Um átta hundruð til þúsund menntaðir hjúkrunarfræðingar starfa utan greinarinnar. „Það er mín skoðun að við þurfum að hækka laun til að draga þessa hjúkrunarfræðinga að,“ segir Hildigunnur. „Með því að fá meira fjármagn inn getum við lokkað inn til okkar unga hjúkrunarfræðinga því launin eru það fyrsta sem þarf að laga.“

sveinn@frettabladid.is



# Útsala
















**50%** afsláttur af Hava fylgihlutum takmarkað magn

**20%** afsláttur af baðkörum




**25%** afsláttur af baðkarshlifum

**50%** afsláttur af Sápupumpusettum










## TAKMARKAÐ MAGN

**Fyrstur kemur, fyrstur fær!**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Óheppilegt



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Nýr Landsréttur tók til starfa í gær í skugga þess að Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra braut lög við skipan dómara við réttinn samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar. Sigríður er reyndar ekki sammála dómi Hæstaréttar en ætlar að bregðast við niðurstöðunni með því að setja reglur innan dómsmálaráðuneytisins sem taka á málum sem þessum. Það er reyndar umhugsunarefni hvort ráðherrar séu almennt best til þess fallnir að setja sér og ráðuneyti sínu starfsreglur fremur en slíkt sé unnið af óháðum aðilum. Árið 2010 var reyndar þrengt að valdi ráðherra til að skipa dómara, gagngert til þess að koma í veg fyrir að ráðherra láti sér- eða flokkshagsmuni ráða för á kostnað almannaheilla, en eitthvað virðist það hafa farið fram hjá dómsmálaráðherra.

Vinnubrögð á borð við þessi eru oftar en ekki kölluð „óheppileg“ í íslenskum stjórnmálum. Ef að er gáð er fjöldi óheppilegra vinnubragða eða atvika í íslenskri stjórnsýslu, sem á stundum kosta samfélagið stórfé, reyndar með ólíkindum. Þannig virðast íslenskir ráðamenn t.d. vera langtum óheppnari í störfum sínum en starfsbræður þeirra og -systur á Norðurlöndunum og það jafnvel svo að ástæða gæti verið til að kanna með vísindalegum hætti hvað veldur.

En svo við höldum okkur við heimahagana og tilvikið sem hér um ræðir þá er óheppilegt að ríkið þurfi að greiða tveimur umsækjenda um dómarastöður við Landsrétt miskabætur vegna málsins. Það er líka óheppilegt fyrir hinn nýja Landsrétt að vera settur með þessi óheppilegu vinnubrögð ráðherra í farteskinu. Það fólk sem þar starfar og þá ekki síst dómararnir við réttinn er eflaust prýðisfólk og þeim mun fremur þarf það ekki á því að halda að efasemdafræjum sé sáð með svo óheppilegum hætti. Því ef það er eitthvað sem slík stofnun þarf á að halda í veganesti er það að njóta trausts og virðingar almennings.

Viðbrögðin við þessari óheppilegu ákvörðun Sigríðar Á. Andersen hafa verið á ýmsa vegu. Sumir hafa lagt áherslu á hversu óheppilegt þetta sé fyrir Sigríði, ríkisstjórnina og Landsrétt. Aðrir, eins og til að mynda Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, eru svo á þeirri skoðun að Sigríður eigi að segja af sér þar sem hún hafi meðvitað tekið þá ákvörðun að fara á svig við lög við meðferð málsins. En það er þó rétt að halda því til haga að innan stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er einhugur um að fara betur ofan í saumana á málinu og vissulega gæti afrakstur þess orðið forvitnilegur.

Hvort niðurstaðan verður heppileg eða óheppileg verður tíminn að leiða í ljós. Því það sem er raunalegast, og oftar en ekki ástæðan fyrir óheppni íslenskra ráðamanna, er auðvitað ekkert annað en þaulsetan. Til þess að endurheimta traust og virðingu landsmanna þurfa viðkomandi nefnilega að finna það hjá sér að stíga til hliðar í kjölfar óheppilegra og ólögmætra ákvarðana. Í framhaldinu getur svo viðkomandi átt greiða endurkomuleið með hreint borð og notið þess trausts sem íslenskt samfélag þarf svo sárlega á að halda.

**Þannig virðast íslenskir ráðamenn t.d. vera langtum óheppnari í störfum sínum en starfsbræður þeirra og -systur á Norðurlöndunum og það jafnvel svo að ástæða gæti verið til að kanna með vísindalegum hætti hvað veldur.**

Lærðu um leið og þú ferðast!

Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund á Eiðistorgi þann 4. janúar 2018.

- Klukkan 17:00 Kynning á skiptinámi í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni.
- Klukkan 18:00 Kynning á sumarbúðum fyrir 8.-10. bekk.
- Klukkan 19:00 Kynning á sumarbúðum fyrir framhaldsskólanema.

MUNDO www.mundo.is

Nánari upplýsingar
margret@mundo.is
sími 5614646

## Halldór




## Frá degi til dags

**Langur tími í pólitík**

**Jóna Sólveig Elínardóttir ætlar að hætta sem varaformaður Viðreisnar. Í samtali við Vísi sagði hún ákvörðunina erfiða eftir að hafa gefið sig „af lífi og sál í þetta í svona langan tíma“. Vika ku vera langur tími í pólitík en þrjú ár líða, eins og Steingrímur J. Sigfússon veit, sem eitt augnablik. Undirbúningur að stofnun Viðreisnar hófst 2014 og flokkurinn bauð fyrst fram 2016. Vikurnar í þessum þremur árum Jónu Sólveigar hljóta því að hafa verið í lengra lagi fyrst hana þrýtur örendið á svo skömmum tíma.**

**Atkvæðum kastað með jólaruslinu**

**Venju samkvæmt fellur til meira heimilissorp og pappír milli jóla og nýárs. Þessi staðreynd virðist hafa farið fram hjá stjórnum Reykjavíkur og einhverra nágrannasveitarfélaga þar sem kjaftfullar ruslatunnur hafa verið áberandi. Í Kópavogi sást til dæmis til vaskrar húsmóður hoppa ofan á sorptunnum til þess að búa til pláss fyrir næsta skammt af rusli. Heldur þykir þetta snautlegt á kosningaári og víða heyrast raddir um að borgar- og bæjaryfirvöldum hefði verið í lófa lagið að bæta við einni umferð öskubíla og sýna þannig umhyggju sína fyrir kjósendum í verki.**

thorarinn@frettabladid.is

## Vinnum gegn fátækt



Laufey Ólafsdóttir
varaformaður EAPN á Íslandi og samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi

Árið 2015 bjuggu um 5% Íslendinga, eða rúmlega sextán þúsund manns, við skort á efnislegum gæðum. Rauði þráðurinn hjá þeim sem bjuggu við fátækt er erfið staða á húsnæðismarkaði, slæmt heilsufar og að búa einn eða einn með börnum. Hver dagur er barátta fyrir fæði, klæðum og húsnæði.

EAPN á Íslandi eru regnhlífarsamtök félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi og voru stofnuð í upphafi árs 2011.

Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Lykilatriði í baráttu EAPN er virk þátttaka fólks með reynslu af fátækt. Í þeim tilgangi starfa innan samtakanna grasrótarsamtökin Pepp á Íslandi sem samanstanda af fólki sem hefur sjálft upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Aðildarfélögin eru Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, Velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands.

Í nýjum stjórnarsáttmála kemur fram að ætlunin sé að vinna úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna, leggja fram tillögur til úrbóta og fylgja þeim eftir. Börn sem búa við fátækt eru nefnd sérstaklega sem einn af viðkvæmustu hópum samfélagsins.

EAPN á Íslandi hefur óskað eftir að koma að vinnu við gerð úttektarinnar og tillagnanna þar sem mikil reynsla býr innan raða samtakanna. Við viljum líka hvetja til þess að á meðan beðið er eftir tillögunum verði gripið til þeirra ráða sem þegar liggja fyrir. Má þar nefna samræmdar reglur um lágmarksframfærslu eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, fjölgun félagslegra leiguíbúða, lækkun á greiðsluþaki sjúklinga, að grunnskólinn verði gjaldfrjáls í öllum sveitarfélögum og eflingu frjálsra félagasamtaka til að veita fátækum aukinn félagslegan stuðning.

Hugum að þeim sem búa við fátækt og félagslega einangrun því saman getum við tryggt öllum líf með reisn.

**Hugum að þeim sem búa við fátækt og félagslega einangrun því saman getum við tryggt öllum líf með reisn.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Réttar upplýsingar á borðið



**Friðrik Már Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Loðnuvinnslunnar hf. á Fáskrúðsfirði

Stjórn Loðnuvinnslunnar í Fáskrúðsfirði sendi frá sér yfirlýsingu þann 5. desember síðastliðinn þar sem mótmælt var harðlega áformum sem uppi eru um stórfellt laxeldi í firðinum án þess að fram hafi farið heildarmat á áhrifum þess á lífríki og burðarþol fjarðarins. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar tekur undir þessar áhyggjur í bókun sem gerð var á fundi bæjarstjórnar þann 14. desember en þar segir meðal annars: „Bæjarstjórn Fjarðabyggðar tekur undir mikið af þeim áhyggjum sem komið hafa fram vegna staðsetningar fiskeldis í Fáskrúðsfirði og telur brýnt að tekið sé tillit til þeirrar fjölbreyttu uppbyggingar atvinnustarfsemi sem komin er í Fjarðabyggð við úthlutun leyfa til fiskeldis í fjörðum sveitarfélagsins.“

**Í þessum upplýsingum er því meðal annars slegið föstu að losun frá meðalstórri fiskeldisstöð sem framleiðir 3.120 tonn af laxi samsvari frárennsli úrgangsefna frá borg með um 50 þúsund íbúa. Með öðrum orðum þýðir þetta að frárennsli frá 15 þúsund tonna laxeldi samsvari skólpmagni frá 240 þúsund manna borg.**

Samkvæmt þeim laxeldisáformum sem nú eru í umsagnarferli er stefnt að 15.000 tonna laxeldi í Fáskrúðsfirði sem er meira en allt laxeldi í landinu í dag. Í yfirlýsingu Loðnuvinnslunnar var vísað til upplýsinga á heimasíðu Landssamtaka fiskeldisstöðva þar sem sagði: „Úrgangsefni við framleiðslu á 1 tonni af laxi samsvarar klóakrennsli frá 8 manns.“ Samkvæmt þessum upplýsingum jafngildir fyrirhugað fiskeldi í Fáskrúðsfirði því að skólpi frá 120 þúsund manna byggð verði veitt í fjörðinn með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir annað lífríki í firðinum og þá hrognavinnslu sem þar fer fram og reiðir sig á mikið magn af hreinum sjó. Áréttað skal að Loðnuvinnslan hf. er stærsti atvinnurekandinn á Fáskrúðsfirði og þar starfa að jafnaði 150 manns. Á síðasta ári nam hrognavinnsla um 20% af framleiðsluverðmæti fyrirtækisins.

**Upplýsingum á heimasíðu breytt**
Í tilkynningu frá Fiskeldi Austfjarða sem gefin var út 7. desember eru áhyggjur Loðnuvinnslunnar sagðar byggðar á misskilningi og sagt þekkt að heildarmagn úrgangsefna á föstu formi frá 15.000 tonna eldi sé um 1.650 tonn á ári og að aðeins lítill hluti næringarefna leysist upp í sjónum og dreifist með straumnum. Um svipað leyti var texta á heimasíðu Landssamtaka fiskeldisstöðva breytt og þar segir nú að 1.000 tonna laxeldi „skilar því árlega í sjó köfnunarefni sem nemur um 4.000 íbúa byggð, vel að merkja án hættulegra baktería og efnamengunar mannsins“. Með öðrum orðum 15 þúsund tonna laxeldi í Fáskrúðsfirði sem samkvæmt heimasíðu laxeldismanna samsvaraði klóakrennsli frá 120 þúsund manna byggð fyrir nokkrum vikum hefur nú minnkað um helming og samsvarar í dag „aðeins“ afrennsli frá 60 þúsund manna byggð, sem sumum þætti ærið. Ekki kemur fram hvenær þessar upplýsingar voru uppfærðar á síðunni né heldur hvaða nýju rannsóknir hafa kollvarpað fyrri upplýsingagjöf landssamtakanna.

**Upplýsingar frá norskum yfirvöldum**
Nú vill svo til að eigendur fyrirhugaðs laxeldis í Fáskrúðsfirði eru að stærstum hluta Norðmenn sem hafa áratuga reynslu af sjókvíaeldi laxfiska og hafa rannsakað mengun frá fiskeldi árum saman. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar Noregs má meðal annars finna upplýsingar sem hafðar voru til hliðsjónar þegar lagðar voru til strangari reglur um fiskeldi þar í landi í nóvember 2009. (http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/)

Í þessum upplýsingum er því meðal annars slegið föstu að losun frá meðalstórri fiskeldisstöð sem framleiðir 3.120 tonn af laxi samsvari frárennsli úrgangsefna frá borg með um 50 þúsund íbúa. Með öðrum orðum þýðir þetta að frárennsli frá 15 þúsund tonna laxeldi samsvari skólpmagni frá 240 þúsund manna borg.

Í ljósi þess mikla fráviks sem er í upplýsingum um umfang mengunar frá laxeldi hljótum við að gera kröfu til þess að réttar upplýsingar frá hlutlausum aðilum verði lagðar á borðið og umsagna leitað hjá þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta áður en jafn örlagarík ákvörðun verður tekin um að heimila stórfellt laxeldi í Fáskrúðsfirði.



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG HEILSUDÝNUR • GAFLAR • SA



KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

# ÚTSALA

# HEFST Í DAG







**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

ENGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



Betra BAK

# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR







VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra BAK

# City komst aftur á sigurbraut með fljótasta marki tímabilsins



Er það Watford? Vitið þið að leikurinn er byrjaður? Raheem Sterling skoraði fljótasta mark tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni og það þriðja fljótasta í sögu Manchester City þegar hann kom liðinu yfir gegn Watford eftir 38 sekúndna leik í gærkvöld. Sjálfsmark Christian Kabasele 12 mínútum seinna tvöfaldaði forystu City sem fór að lokum með 3-1 sigur. City náði með sigrinum 15 stiga forystu á toppi deildarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Það koma allir flottir til leiks

**Strákarnir okkar spila sinn síðasta leik á Íslandi fyrir EM í kvöld er Dagur Sigurðsson mætir með japanska landsliðið í heimsókn. Geir Sveinsson landsliðsþjálfari segir að ástandið á leikmönnum íslenska liðsins sé mjög gott. Landsliðsþjálfarinn leggur mikla áherslu á að allir leikmenn liðsins hafi sitt hlutverk.**

**HANDBOLTI** Það er farið að styttast í Evrópumeistaramótið í Króatíu en lærisveinar Geirs Sveinssonar eiga aðeins eftir að spila þrjá vináttulandsleiki áður en alvaran byrjar í Split.

Í kvöld fær íslenska þjóðin tækifæri til að kveðja strákana okkar áður en þeir fara úr landi. Síðasti heimaleikurinn er þá gegn Japan. Á morgun heldur liðið til Þýskalands og mun æfa þar og spila tvo leiki við Þjóðverja áður en það heldur til Króatíu þann 10. janúar. Fyrsti leikur liðsins á EM er svo gegn Svíþjóð þann 12. janúar.

**Arnar lítur sérstaklega vel út**

„Ástandið á mannskapnum er mjög gott. Allir heilir og líta mjög vel út. Það koma allir flottir til leiks,“ segir Geir en einhverjir leikmenn höfðu verið að burðast með lítilsháttar meiðsli en það er greinilega ekkert til að hafa áhyggjur af í augnablikinu.

„Síðustu leikmennirnir voru að detta inn frá Svíþjóð, þegar Arnar Freyr Arnarsson og Ólafur Guðmundsson komu til móts við liðið. Ég vissi ekki alveg standið á þeim en þeir litu mjög vel út á fyrstu æfingu með liðinu. Mér fannst Arnar líta sérstaklega vel út. Ekki síst í ljósi þess að ég var ekki alveg nógu ánægður með hann í leikjunum í október. Mér sýnist hann hafa unnið ágætlega í sínum málum síðan.“

Íslenska liðið er mun sterkara en það japanska. Geir segist vera að einblína á leik síns liðs í kvöld en við hverju má fólk búast? „Það er þetta klassíska að fara í alla leiki til þess að vinna þá. Við viljum líka spila vel og fara sáttir af velli með það sem við erum að gera. Það er alveg ljóst að það verður ekki allt tilbúið í þessum leik. Við höfum svo góða sex daga í Þýskalandi til þess að æfa og spila. Vonandi náum við þeim ryþma sem við viljum finna þar,“ segir landsliðsþjálfarinn.



Geir og Dagur spiluðu saman sem atvinnumenn í Þýskalandi. Þeir hafa mæst sem þjálfarar í Þýskalandi en aldrei í landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Fólk mun sjá sitt lítið af hverju í þessum leik. Við munum keyra á þeim leikmönnum sem hafa verið framar öðrum og munu bera þetta að mörgu leyti uppi í Króatíu. Ég er samt með sextán leikmenn og þeir eiga allir erindi. Þeir eru þarna því þeir hafa allir eitthvað fram að færa. Vonandi ná allir að sýna sitt besta.“

**Allir með hlutverk í liðinu**

Geir kom svolítið á óvart með því að velja sextán manna hóp óvenju snemma og hann ítrekar að það séu engir farþegar í liðinu.

„Ég vona að menn hafi þann fókus að þeir vilji spila sem mest. Auðvitað þarf það að vera með þeim hætti að menn taki því vel sama hvað þeir spila mikið. Það er hver einasti leikmaður með hlutverk, sama hvort það er ein, tvær, tíu eða sextíu mínútur. Aðalatriðið er hvernig menn skila því hlutverki sem ætlast er til af þeim inn í hópinn,“ segir Geir en hann vill ekki tala andstæðinga kvöldsins niður þó svo þeir hafi steinlegið gegn Barein fyrir örfáum dögum.

> Ég er með sextán leikmenn og þeir eiga allir erindi. Þeir eru þarna af því að þeir hafa eitthvað fram að færa.
>
> Geir Sveinsson

„Þeir spiluðu vel á móti Hvít-Rússum skömmu áður og töpuðu naumlega gegn þeim. Svona er handboltinn. Það eru skin og skúrir. Það er alveg ljóst að Dagur tekur við liði sem er ekki alveg í fremstu röð en ég held að við munum sjá í þessum leik að liðið hefur tekið miklum framförum undir hans stjórn á hálfu ári.“

Japanska liðið kom hingað til lands rétt fyrir áramót og var svo í áramótaveislu hjá þjálfaranum þar sem meðal annars var boðið upp á hrátt hvalkjöt. Það líkaði Japönunum.

„Við töpuðum illa fyrir Barein á dögunum en við ætlum að standa í lappirnar allan tímann gegn Íslandi,“ segir Dagur.

henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Southampton - C. Palace 1-2**
1-0 Shane Long (17.), 1-1 James McArthur (69.), 1-2 Luka Milivojevic (80.)

**Swansea - Tottenham 0-2**
0-1 Fernando Llorente (12.), 0-2 Dele Alli (89.).

**West Ham - WBA 2-1**
0-1 James McClean (30.), 1-1 Andy Carroll (59.), 2-1 Carroll (94.)..

**Man. City - Watford 3-1**
1-0 Raheem Sterling (1.), 2-0 Christian Kabasele (sjálfsmark 13.), 3-0 Sergio Aguero (63.), 3-1 Andre Gray (82.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 62 | West Ham | 21 |
| Man. Utd | 47 | Southampton | 20 |
| Chelsea | 45 | Stoke | 20 |
| Liverpool | 44 | West Brom | 16 |
| Tottenham | 40 | Swansea | 16 |

**KEFLAVÍK SKIPTIR ROBINSON ÚT**
Karlalið Keflavíkur í körfubolta hefur skipt um bandarískan leikmann, í þriðja skiptið í vetur. Stanley Robinson var með liðinu nú undir lok síðasta árs, en hann stóð ekki undir væntingum og hefur verið látinn taka pokann sinn.

Nýi leikmaðurinn heitir Dominique Elliot og er 26 ára framherji eða miðherji. Elliot útskrifaðist frá Maryland Eastern Shore háskólanum árið 2016 og spilaði á síðasta tímabili með Krka í Slóvakíu. Fyrri hluta þessa tímabils var hann á mála hjá Lions de Geneve í Sviss.

Domino's deildin fer aftur í gang eftir jólafrí á morgun og mæta Keflvíkingar nýliðum Vals í Valsheimilinu klukkan 19.15.

**FLANAGAN RÉÐST Á KÆRUSTUNA**
Jon Flanagan, leikmaður Liverpool í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, játaði fyrir rétti að hafa ráðist á kærustu sína fyrir jól.

Flanagan var kærður fyrir að ráðast á og sparka í Rachael Wall, sem er tveggja barna móðir, í miðborg Liverpool aðfaranótt 22. desember. Wall og Flanagan hafa verið í sambandi í eitt og hálft ár.

Hinn 25 ára Flanagan bíður niðurstöðu dómstóla, en hann játaði sök í gær. Hann hefur ekkert komið við sögu hjá Liverpool í úrvalsdeildinni í vetur, en á að baki 51 leik og einn

**MARKAGLAÐIR ÍSLENDINGAR**
Ísland er í 24. sæti lista yfir markahæstu þjóðir í ensku úrvalsdeildinni, en leikmenn frá 97 þjóðum hafa skorað mark í deildinni. Á þeim 25 árum sem enska úrvalsdeildin hefur verið spiluð hafa 17 íslenskir leikmenn komið við sögu og skorað samtals 171 mark.

Efst á listanum er England, engum að óvörum, en 10.826 ensk mörk hafa litið dagsins ljós í úrvalsdeildinni. Frakkar eru í öðru sæti með 1.477. Efstir Norðurlandaþjóða eru Norðmenn með 510 mörk í 8. sæti. Næst fyrir ofan Ísland er Trínidad og Tóbagó með 178 mörk.

Gylfi Þór Sigurðsson og Eiður Smári Guðjohnsen eru langatkvæðamestir Íslendinga, Gylfi hefur skorað 45 mörk og Eiður Smári 55. Heiðar Helguson náði 27 mörkum og Hermann Hreiðarsson 15, en fleiri komast ekki yfir 10 mörk.

## Í dag

19.30 Arsenal - Chelsea — Sport
21.45 Messan — Sport

**Vináttulandsleikur**
19.30 Ísland - Japan

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 3. JANÚAR 2018

# Sögðu bless við Ísland 2017

Hjónin Ingveldur Guðrún Ólafsdóttir og Jóhann Hauksson tóku sig til á síðasta ári og fluttu til Danmerkur. Það var ekki eingöngu ævintýraþrá heldur vildu þau lifa lífinu án þess að vera stöðugt með fjárhagsáhyggjur. →2



Alsæl í Danmörku. Jóhann Hauksson og Ingveldur Guðrún Ólafsdóttir tóku afdrifaríka ákvörðun á síðasta ári og fluttu til Jótlands.

Brandenburg | SÍA




**BORÐAÐIR ÞÚ Á ÞIG GAT?**

Settu þér markmið og skartaðu þínu fegursta á ströndinni í sumar. Ný námskeið hefjast í janúar – engin binding!

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

Reebok FITNESS

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Framhald af forsíðu ➜

Ingveldur vann lengi á Rás 1 auk þess sem hún er menntuð söngkona. Jóhann hefur lengi starfað sem blaða- og fréttamaður auk þess sem hann var upplýsingafulltrúi ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þau voru hvorugt með fasta vinnu á Íslandi sem kom niður á fjárhagnum. Ingveldur segir að þau hafi í fyrstu ætlað að flytja til Svíþjóðar á slóðir þar sem Jóhann stundaði nám á sínum tíma.

## Féll fyrir staðnum

„Það er í rauninni algjör tilviljun að við settumst að í Danmörku," greinir hún frá. „Ég sagði upp hjá Ríkisútvarpinu korter í hrun á Íslandi og satt að segja er mjög erfitt fyrir fólk á okkar aldri að fá vinnu heima. Við vorum meira og minna að vinna frílans sem er ekki mjög öruggt. Á meðan óx húsnæðislánið okkar mikið eftir bankahrunið. Við vildum því slíta þessu viðskiptasambandi okkar við Arion banka," segir Ingveldur. „Í fyrra ákváðum við að heimsækja frænda minn hér á Suður-Jótlandi en ég hafði aldrei áður komið á þessar slóðir. Ég féll gjörsamlega fyrir þessum stað. Hér eru fasteignir mun ódýrari en á Íslandi. Bærinn heitir Kvær sem tilheyrir bænum Gråsten þar sem sumarhöll Margrétar Þórhildar drottningar er og nálægt þýsku landamærunum," segir Ingveldur. „Þetta er algjör paradís. Það tekur okkur aðeins 20 mínútur að fara til Flensborgar."

## Mun ódýrara húsnæði

Þegar þau skoðuðu fasteignaauglýsingar á Suður-Jótlandi komust þau að því að húsnæðisverð var ekkert í líkingu við það sem þekkist hér á landi. Þau sáu að með því að selja fasteignina á Íslandi og kaupa á þessum stað yrðu þau mun betur stödd fjárhagslega auk þess að losna við skuldir. „Þetta gat ekki verið betra," segir Ingveldur og bætir við: „Fyrir utan það erum við með annan fótinn í Þýskalandi og getum auðveldlega keyrt um Evrópu. Ég er nokkrum sinnum búin að skreppa til dóttur minnar sem býr í Berlín," segir hún en Hildur Guðnadóttir tónskáld er dóttir Ingveldar. Hún hefur nýlega samið tónlist fyrir tvær Hollywood-kvikmyndir.

„Búslóðin okkar kom í júlí en við fluttum samt ekki fyrr en í lok ágúst. Síðan höfum við verið að standsetja húsið að okkar þörfum. Skiptum um eldhúsinnréttingu og höfum dyttað að einu og öðru. Því er ekki enn lokið, við erum enn að koma okkur fyrir. Þetta er stórt hús eða 243 fermetrar, yndislegt fjölskylduhús. Ég vildi hafa stóra borðstofu þar sem gestkvæmt er hjá okkur. Auk þess vildum við vera með nokkur aukaherbergi til að taka á móti ættingjum og vinum. Þau hafa verið vel nýtt. Það liggur við að maður hitti fjölskylduna oftar hér úti en á Íslandi."

## Spennandi tímar

Ingveldur segist bíða eftir vorinu en þau eru með fallegan garð sem hún hlakkar til að sinna. „Hér er mun meiri veðursæld en á Íslandi. Ég er bjartsýn á nýju ári og finnst afar spennandi tímar fram undan. Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt og mér finnst frábært að hafa tekið þessa ákvörðun áður en maður verður orðinn of gamall. Þá má geta þess að heilbrigðisþjónustan, og þar með talin tannlæknaþjónusta, er góð fyrir verðandi fullorðið fólk og töluvert ódýrari svo og lyf," segir Ingveldur en þau Jóhann eiga samtals fimm börn sem öll eru flogin úr hreiðrinu og fjögur barnabörn.


Ingveldur og Jóhann hafa verið að dytta að húsinu og hafa gert það mjög kósí.


Það vekur kannski furðu fólks að Ingveldur hafði jólatréð á hvolfi. Hún segir ástæðuna vera þá að þau hafi sett líf sitt á hvolf og þetta er tákn um það. Á næstu jólum verður jólatréð sett upp eins og hjá öðru fólki.


Húsið er stórt og vel fer um þau hjónin, enda er gestkvæmt hjá þeim.

ÚTSALA



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX


Gamalt en fallegt hús sem þau Ingveldur og Jóhann fengu á mjög góðu verði.


Sjónvarpsstofan er með fallegum gluggum sem snúa að garðinum.


Ingveldur er fagurkeri og leggur hér fallega á borð um áramótin.


Garðurinn er gróskumikill og Ingveldur hlakkar til að vinna í honum í sumar.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# ÚTSALAN ER HAFIN



# 30-50%

afsláttur

hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

## Bílar & Farartæki

### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6694

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsimi: 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910






# Heimilið

## Húsgögn



Harðviðar útihurðir, stærð 090x210 til sölu ásamt harðviða-pallaefni. palljonsson1@gmail.com S: 6120668

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is






**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Hönnun

**HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VITABAR - KVÖLD OG HELGARVINNA**
Starfsfólk vantar á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á vitabar@ internet.is**




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar










## Styrkir

### Styrkir VIRK

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Virk starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

VIRK úthlutar styrkjunum tvisvar á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum fyrir 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK, í mars og október, að fenginni umsögn frá sérfræðingum VIRK.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir á styrkjum til VIRK og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018.**


Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is





**Sveinn Eyland**
**Löggiltur fasteignasali**
**Sími 690 0820**

**LANDMARK SMÁRINN**
Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu
HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900
LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS

**Þórarinn Thorarensen**
**Sölustjóri**
**Sími 770 0309**












- Bjartar og vel skipulagðar 2ja – 4ra herb. íbúðir á góðum stað.
- Íbúðirnar eru 68.8 – 128.4 fm, stæði í bílgeymslu með meirihluta íbúða.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna í apríl / júlí 2018
- Sérinngangur og sérafnotareitur með íbúðum á jarðhæð.
- Rúmgóðar suður-svalir með íbúðum á hæðum.
- Húseignir eru klæddar að utan og því viðhaldslitlar, lyfta er í stærra húsi.
- Vaxandi hverfi í Mosfellsbæ.

**Verð kr. 33.5 – 49.9. millj.**

**Byggingaraðili NÝ-HÚS byggingarverktakar**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Ingimarsson**
*bóndi,*
*Flugumýri, Skagafirði,*

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 21. desember. Útför hans fer fram frá Flugumýrarkirkju, laugardaginn 6. janúar, klukkan 14.

**Ásta Kristín Sigurbjörnsdóttir**
**Sigrún Inga Sigurðardóttir Oddgeir Þórðarson**
**Eyrún Anna Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Anna Aðalheiður Guðmundsdóttir**
*Munkaþverá, Eyjafirði,*

lést 18. desember. Jarðarförin fer fram frá Munkaþverárkirkju föstudaginn 5. janúar klukkan 13.30.

**Stefán G. Jónsson Sigríður Jónsdóttir**
**Guðrún M. Jónsdóttir Jón Már Björgvinsson**
**Jón Heiðar Jónsson**
**Vilhjálmur Björn Jónsson**
**Guðmundur Geir Jónsson Doris Anita Adamsdóttir**
**Þorgeir Smári Jónsson Erla Sigríður Magnúsdóttir**
**Þóra Valgerður Jónsdóttir Vignir Bragi Hauksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Arnbjörns Kristinssonar**
*bókaútgefanda,*
*Mávanesi 9 í Garðabæ,*

**Ragnhildur Björnsson**
**Ágúst Arnbjörnsson Bertha Traustadóttir**
**Ásdís Arnbjörnsdóttir Aðalsteinn Jóhannsson**
**Árni Geir Björnsson Robyn Björnsson**
**Arinbjörn Arnbjörnsson Sigurlaug J. Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Margrét Ólafsdóttir**

lést að morgni aðfangadags. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 4. janúar klukkan 13.

**Ólafur K. Ólafsson Lára Gunnarsdóttir**
**Kristjana Þ. Ólafsdóttir Stefán Örn Stefánsson**
**Anna V. Ólafsdóttir Óskar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Kristín Þorláksdóttir**

lést miðvikudaginn 27. desember. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 5. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

**Gylfi Guðbjörn Guðjónsson Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Guðjón Guðjónsson Guðrún Soffía Pétursdóttir**
**Hjálmfríður Guðjónsdóttir Sævar Berg Ólafsson**
**Bryndís Björk Guðjónsdóttir Gunnar Þór Gunnarsson**
**Anna Dröfn Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma, systir og mágkona,

**Þórunn Ólafía Kristbjörg Sigurðardóttir**
**(Þóra Sigurðardóttir)**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á sambýlið Svöluhrauni 19, kt. 4706012640, reikn. 536-26-6684.

**Sigríður Pétursdóttir Jónas Már Ragnarsson**
**Þorgerður R. Pétursdóttir Öyvind Glömmi**
**Bjarni Júlíus Einarsson**
**Gísli Pétursson**
**Rúna Pétursdóttir Egill Lárusson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**
**Guðrún Sigurðardóttir Bragi Guðnason**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Elisa Björg Wíum**
*Aratúni 26, Garðabæ,*

lést laugardaginn 23. desember. Útför hennar fer fram 8. janúar kl. 13 frá Garðakirkju.

**Guðfinna Nanna Gunnarsdóttir Jóhann Ingi Gunnarsson**
**Guðmundur R. Gunnarsson Margrét Káradóttir**
**Dóra Sif Wíum**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Böðvar Sigvaldason**
*Barði, Miðfirði,*

lést 23. desember á Landspítala Fossvogi. Hann verður jarðsunginn frá Melstaðarkirkju í Miðfirði föstudaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Eva Thorstensen**
**Anna Rósa Böðvarsdóttir Sigurður Benedikt Stefánsson**
**Sigríður Klara Böðvarsdóttir Steindór J. Erlingsson**
**Sigvaldi Vilmar Böðvarsson Tina Jeanette Holm**
**Þorvaldur Óli Böðvarsson Louise Skovholm Christiansen**
**og barnabörn.**



✝

Eiginkona mín,

**Elísabet S. Guttormsdóttir**

sem lést 14. desember sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. janúar kl. 13.

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarsjóði fatlaðra.

**Páll Skúlason**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jens Berg Guðmundsson**
*frá Gili í Skagafirði,*

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks 26. desember 2017. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 6. janúar 2018 kl. 11.00.

**Pálína Skarphéðinsdóttir**
**og fjölskylda.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 3. JANÚAR 1990

## Fjórir bankar sameinaðir

Á þessum degi árið 1990 var fyrsti viðskiptavinur nýs Íslandsbanka afgreiddur þegar Valur Valsson, bankastjóri Íslandsbanka, afgreiddi Jóhannes Stefánsson veitingamann um tékkhefti. Þetta átti sér stað í afgreiðslu bankans í Húsi verslunarinnar en á þessum fyrsta starfsdegi bankans voru starfsmenn hans nærri fjögur hundruð talsins.

Íslandsbanki varð til við sameiningu fjögurra banka; Verslunarbanka, Útvegsbanka, Alþýðubanka og Iðnaðarbanka. Íslandsbanki var í reynd stofnaður árið 1904 en hafði þá kallast Útvegsbanki meiri hluta starfstímans, frá 1930-1990.

Meðal þeirra sem fluttu ávörp af tilefninu voru Ásmundur Stefánsson, þáverandi formaður bankaráðs Íslandsbanka, og Jón Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra. Að ávörpum loknum var haldin flugeldasýning og merki bankans tendrað. „Við ætlum okkar stóran hlut,“ sagði Ásmundur meðal annars í ræðu sinni. „Við ætlum okkur að veita almenningi, fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum góða og öfluga þjónustu.“ Jón Sigurðsson, sem afhenti leyfisbréf Íslandsbanka, sagði það ekki „ofmælt að þessi bankasameining hafi fengið góðan hljómgrunn hjá þjóðinni“.



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Hólmsteinsson**
*frá Raufarhöfn,*
*Álftamýri 56,*

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 3. janúar klukkan 13.00.

**Edda Kjartansdóttir**
**Kjartan Jónasson Kolbrún Garðarsdóttir**
**Guðrún Soffía Jónasdóttir Ragnar Atli Guðmundsson**
**Arndís Jónasdóttir**
**Hólmsteinn Jónasson Steinunn Björg Birgisdóttir**
**Jónas Þór Jónasson Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Tryggvadóttir**
*hjúkrunarfræðingur,*

lést 28. desember á Hrafnistu. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju þriðjudaginn 9. janúar kl. 13.00. Ástvinir þakka starfsfólki Báruhrauns á Hrafnistu fyrir einstaka umönnun og hlýhug í garð hennar og okkar allra.

**Jón Harðarson**
**Páll Harðarson Valdís Andersen**
**Kristín Harðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**Elsa I. Hansen**
*frá Skálabergi í Hafnarfirði,*

lést þann 26. desember á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Garðakirkju, fimmtudaginn 4. janúar kl. 15.

**Ann-Mari Hansen**
**Mariann Setterström Hansen**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín og móðir,

**Halina Pálsson**
*Suðurbraut 24, Hafnarfirði,*

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 18. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar og Heimahlynningar fyrir einstaka umönnun.

**Stefán Marvin Pálsson**
**Krystian Sikora**

# Gleðilegt nýtt ár

*Óskum landsmönnum öllum farsældar á nýju ári og þökkum samskiptin á liðnu ári*

BAKO ÍSBERG

Bed Breakfast Keflavik Airport Hotel

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Birgisson®

BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

Fasteignasalan GARÐUR 562-1200

GÁMAÞJÓNUSTAN HF. BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Iceland Travel

ion hotels

JÁRN&GLER

NW NORTHWEAR

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðumúla 27 · www.valholl.is Framúrskarandi fyrirtæki

Rangárþing eystra

SKÓGASAFN Skógar Museum

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

My Style tískuhús

belladonna

Graníthöllin Legsteinar

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan- og norðaustanátt í dag, allhvöss við suðausturströndina, annars mun hægari vindur. Skýjað og dálítil él suðaustan- og austanlands, en bjart og fallegt veður vestan til á landinu. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -5° | -4° |
| 15 | 11 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -2° | -7° |
| 7 | 14 | 9 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -7° | -7° |
| 2 | 4 | 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -7° | -6° | -10° |
| 5 | 3 | 4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
